

# Fundargerð

## Aukafundur hluta samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda

Fundurinn var haldinn með Teams fjarfundabúnaði, fimmtudaginn 4. janúar 2024 kl. 11:00.

**Þátttakendur á fundinum voru:** Guðmundur Rafn Kristjánsson fulltrúi Ísafjarðarbæjar, Edda Kristín Eiríksdóttir og Sigrún Valgarðsdóttir fulltrúar Umhverfisstofnunar.

### Fundarefni

- Greining samráðs- og hagsmunaaðila
- Samráðsfundir
- Önnur mál

### Fundargerð

- Greining samráðs- og hagsmunaaðila  
*Farið yfir greiningu á aðilum m.t.t. hvort boða skuli á sérstaka kynningar- og samráðsfundi. Lykilgreining samstarfshópsins er: a) Hefur viðkomandi hagsmuna að gæta innan hins friðlýsta svæðis og b) Gæti viðkomandi lagt samstarfshópnum til gagnlega þekkingu eða upplýsingar? Nokkrum aðilum bætt við þann lista sem fyrir var yfir ferðabjóna sem þjónusta skemmtiferðaskip.*
- Samráðsfundir  
*Edda og Sigrún skipuleggja fundi með þeim hagsmuna- og samráðsaðilum sem ákveðið hefur verið að boða sérstaklega til.*

### Niðurstaða fundar og næstu skref

Edda og Sigrún klára greiningarvinnuna og senda Guðmundi til yfirlstrar. Boðað verður til samráðsfunda þegar fyrstu drög að stjórnunar- og verndaráætluninni verða kynningarhæf.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00